

## Samanburður kælimiðla



Á Vinnslu- og vörupróunarsviði Matis er m.a. lögð áhersla á að þroa nýja tækni við vinnslu og flutning matvæla frá veiðum til neytenda, þar sem hámörkun nýtingar, gæða og verðmæta eru höfð að leiðarljósi. Rannsóknir á kælingu eru liður í þessari próún.

Ýmsar rannsóknir hafa sýnt að tveggja fasa ísþykkni kæli ferskan fisk hraðar en hefðbundinn flöguís. Í flestum þessara rannsókna hefur aðeins ein gerð ísþykknis verið notuð, oftast ísþykkni framleitt með ísvélum á markaði. Markmið þessarar rannsóknar var að kanna bæði niðurkælingu og geymslu fisks með annars vegar flöguís og hins vegar mismunandi gerðum ísþykknis.

### Framkvæmd

Mismunandi gerðir kælimiðla voru eftirfarandi:

**1) Prjár gerðir ísþykknis** – framleitt með þremur mismunandi ísvélum á markaði.

Ísþykknið var framleitt úr saltvatni (1.5 – 4.0 % salthlutfall). Íshlutfallið var 14-39 % og hitastig var frá -3.0 til -1.1 °C. Stærð ískristalla var á bilinu 5 – 500 µm skv. upplýsingum frá framleiðendum ísvélanna.

**2) Flöguís** með kornastærð 1–3 cm.

**3) Blanda flöguíss og saltvatns.**

**4) Blanda mulins flöguíss og saltvatns.**

Kornastærð mulins flöguíss var u.p.b. 0.5 – 3 mm.

Heill, slægdur ufsi, sem var bæði keldur úr 10 °C og geymdur, góðu u.p.b. 1.5 – 2.0 kg. Hlutfallið milli fisks og ísþykknis í niðurkælingartilraunum var 1:1 en 10:4 í tilfelli flöguíss. Í geymslutilraunum voru geymd 54 kg af bæði vökváíss og heimatilbúnum krapaíss (mulinn flöguís + saltvatn) móti 100 kg af ufsa í hvoru keri. Upphafshiti vökváíss og krapaíss

var -2.2 °C og íshlutfallið 37.1 %. Til samanburðar var sama magni ufsa komið fyrir í keri með 20 kg af ómuldum flöguís.

### Niðurstöður

- Kælihraði var meiri með öllum gerðum ísþykknis en með flöguís. Sá eiginleiki kælimiðils, sem mestu ræður um kælihraða, er hitastig miðilsins.
- Kornastærð kælimiðils virðist ekki hafa afgerandi áhrif á kælihraðann. Mikilvægi góðrar dreifingar á kælimiðli kringum fisk í kerum var staðfest.
- Hraðari bráðnun ísþykknis veldur því að eftir nokkra daga viðheldur flöguís lágu hitastigi betur en ísþykkni.

### Pakkarorð

Verkefnið naut stuðnings frá Evrópuverkefninu Chill-On ([www.chill-on.com](http://www.chill-on.com)), AVS rannsókna-sjóði í sjávarútvegi og Tækniþróunarsjóði RANNÍS.

